



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, þriðjudaginn 26. febrúar, kl. 14:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fjögur verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Þekkirðu fuglinn? Rannsókn á fuglafræðipekkingu barna og þróun og gerð spils sem gerir þeim kleift að læra í gegnum leik*; unnið af Birgittu Steingrímsdóttur og Heiðísi Ingu Hilmarsdóttur, nemendum við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands
2. *Innigarður: Heimaræktunarkerfi fyrir kryddjurtir byggt á vatnsgeli unnu úr brúnþörungum*; unnið af Brynju Þóru Guðnadóttur, nemanda við Listaháskóla Íslands, og Grétari Guðmundssyni, nemanda við Háskóla Íslands, í samstarfi við Matís ohf.
3. *Íðorðasafn og myndun nýrra íðorða í lífvísindum*; unnið af Einari Lövdahl Gunnlaugssyni, nemanda við Háskóla Íslands, í samstarfi við Líffræðifélag Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Lífvísindasetur Háskóla Íslands.
4. *Náttúrutúlkun á grænum svæðum í Reykjavík: Stöðumat og nýjar lausnir fyrir ferðamenn og íbúa*; unnið af Shauna Laurel Jones og Guðbjörgu Runólfsdóttur, nemendur við Háskóla Íslands, í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna og fulltrúi nemenda í stjórn sjóðsins flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

26. febrúar 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Jóna Valborg Árnadóttir hjá RANNÍS (897 2344) og Svandís Sigvaldadóttir hjá RANNÍS(897 3948).